



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 15. maí 2018

## **Tilkynning um óbreyttan eiginfjárouka vegna kerfisáhættu og áframhaldandi eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki**

### **Óbreyttur eiginfjárouki vegna kerfisáhættu**

Hinn 1. mars 2016 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um eiginfjárouka vegna kerfisáhættu í samræmi við 86. gr. b laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.<sup>1</sup> Frá og með 1. apríl 2016 hafa því fjármálafyrirtæki, sem heimild hafa til móttöku innlána, viðhaldið kerfisáhættuauka. Eiginfjároukanum hefur verið viðhaldið á samstæðugrunni og hefur hann tekið til innlendra áhættuskuldbindinga.

Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. b laga um fjármálafyrirtæki ber fjármálastöðugleikaráði að endurskoða tilmæli sín um eiginfjárouka vegna kerfisáhættuauka innan tveggja ára frá því að þau komu til framkvæmda. Hinn 13. apríl 2018 beindi fjármálastöðugleikaráð tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um óbreyttan kerfisáhættuauka.

Samkvæmt tilmælum fjármálastöðugleikaráðs hafa orðið óverulegar breytingar á ósveiflutengdri kerfisáhættu á Íslandi undanfarin tvö ár enda er eðli áhættunnar tregbreytanlegt.

Með vísan til tilmæla fjármálastöðugleikaráðs tilkynnist hér með að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 1. mars 2016 um eiginfjárouka vegna kerfisáhættu gildir áfram óbreytt. Gildi kerfisáhættuauka er því áfram 3% af innlendum áhættuskuldbindingum fjármálafyrirtækja sem hafa heimild til móttöku innlána. Þó skal gildi aukans fyrir slík fjármálafyrirtæki, sem ekki teljast kerfislega mikilvæg, sem nú er 2%, fara stighækkandi og verða 3% frá 1. janúar 2020. Eiginfjároukanum skal jafnframt áfram viðhaldið á samstæðugrunni.

### **Áframhaldandi eiginfjárouki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki**

Hinn 1. mars 2016 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki, sbr. 86. gr. c laga um fjármálafyrirtæki.<sup>2</sup> Frá og með 1. apríl 2016 hafa því kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki viðhaldið 2% eiginfjárouka vegna kerfislegs mikilvægis. Eiginfjároukanum hefur verið viðhaldið á samstæðugrunni og hefur hann tekið til allra áhættuskuldbindinga.

Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. c laga um fjármálafyrirtæki skal endurskoða ákvörðun um að setja eiginfjároukann á og gildi hans árlega og til samræmis við það óskaði Fjármálaeftirlitið eftir aðkomu fjármálastöðugleikaráðs. Hinn 13. apríl 2018 beindi

<sup>1</sup> Sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 22. janúar 2016.

<sup>2</sup> Sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 22. janúar 2016.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

fjármálastöðugleikaráð tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um að kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki viðhaldi áfram eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis.

Samkvæmt tilmælum fjármálastöðugleikaráðs teljast Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf. áfram kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki. Við mat ráðsins var, sem fyrr, stuðst við aðferðafræði sem byggir á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki.<sup>3</sup>

Með vísan til tilmæla fjármálastöðugleikaráðs tilkynnist hér með að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 1. mars 2016 um eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki gildir áfram óbreytt. Skulu því kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki áfram viðhalda 2% eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis. Eiginfjárukanum skal jafnframt áfram viðhaldið á samstæðugrunni og skal hann áfram taka til allra áhættuskuldbindinga fjármálafyrirtækjanna.

---

<sup>3</sup> Guidelines on the criteria to determine the conditions of application of Article 131(3) of Directive 2013/36/EU (CRD) in relation to the assessment of other systemically important institutions (O-SIIs) (EBA/GL/2014/10).